

## Helstu tillögur skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar

Hér eru raktar þær tillögur úttektarnefndarinnar sem fram koma í skýrslu hennar sem lúta að *gagnsæi og ábyrgð kjörinna fulltrúa og embættismanna*. Hvort tveggja eru lykilatriði í verksviði stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Skýrsluna sjálfa má finna hér: <http://reykjavik.is/frettir/skyrsla-uttekta-nefndar-a-stjornsyslu-og-stjornkerfi-reykjavikurborgar>

### Gagnsæi

- Allmikið vantar upp á að ársskýrsla og ársreikningur Reykjavíkurborgar gefi lesendum skýra mynd af öflun og ráðstöfun fjármuna, tengingu þeirra við umfang þeirrar þjónustu sem borgin veitir og hverjir beri ábyrgð á henni.
- Einnig er mikilvægt að fulltrúar í stjórnnum B-hluta fyrirtækja hafi skýr viðmið um upplýsingamiðlun til Reykjavíkurborgar sem eiganda.
- Einnig er mismunandi hvort og hvernig sviðsstjórar upplýsa fagráðin um innkaupamál sviðanna. Þá hafa skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu sinnt þessari upplýsingaskyldu sinni lítið sem ekkert.
- Í reglum um styrkveitingar er kveðið á um að við ákvörðun þeirra skuli haft tiltekið, samræmt verklag en að mati úttektarnefndarinnar er það ekki til staðar við framkvæmd og afgreiðslu þeirra. Ennfremur er það mat úttektarnefndarinnar að það skorti verulega á að samræmd upplýsingamiðlun um styrkveitingar sé til staðar hjá Reykjavíkurborg.

### Ábyrgð kjörinna fulltrúa og embættismanna

- Mikilvægt er að staða og hlutverk kjörinna fulltrúa gagnvart embættismannakerfinu verði skýrð og meiri og beinni aðkoma þeirra að stefnumótun í mikilvægum málaflokkum verði tryggð.

- Borgarfulltrúar í Reykjavík hafa þá sérstöðu, jafnt hér á landi sem og í samanburði við þær borgir á Norðurlöndunum sem skoðaðar voru, að þeir eru allir í fullu starfi hjá sveitarfélaginu. Telur úttektarnefndin tilefni til að endurskoða starfsskyldur þeirra og kjör, meðal annars vegna fjölgunar þeirra samkvæmt sveitarstjórnarlögum á næstu árum.
- Borgarstjórn hefur miklu eftirlitshlutverki að gegna lögum samkvæmt. Að mati úttektarnefndarinnar þarf borgarstjórn að sinna eftirlitshlutverki sínu með markvissari hætti og fylgja betur eftir þeim málum sem til hennar kasta koma.
- Þörf er á að setja skýrari reglur eða viðmið um umboð fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórnnum B-hluta fyrirtækja og samráð við Reykjavíkurborg sem eiganda um einstakar mikilvægar ákvarðanir, hvort sem um er að ræða mikilvægi miðað við fjárhag eða þjónustuþætti.
- Samkvæmt samþykktum og skipuriti Reykjavíkurborgar er borgarstjóri æðsti embættismaður borgarinnar og heyra sviðsstjórar beint undir hann. Reyndin er hins vegar sú að mati úttektarnefndarinnar að sviðsstjórar sækja daglegt umboð sitt til formanna fagráða frekar en til borgarstjóra. Sú skipan veldur því að ábyrgð og verkaskipting aðila getur orðið óljós og getur einnig dregið úr skilvirkni stjórnkerfisins.
- Eftirlitshlutverk innkauparáðs felst meðal annars í að fylgjast með því að innkaupastefnu og innkaupareglum sé fylgt við innkaup. Ráðið skal beina athugasemdum og ábendingum er varða framkvæmd innkaupa til forstöðumanns og fagráða. Að mati úttektarnefndarinnar skortir verulega á að ráðið hafi sinnt þessu viðfangsefni á því tímabili sem til skoðunar var.
- Ekki verður séð af framlögðum gögnum með hvaða hætti fagráðin sinna því hlutverki sínu að bera ábyrgð á eftirliti með innkaupum sviða og stofnana sem undir þau heyra.
- Hjá Reykjavíkurborg hefur fátta verið gert til að innleiða siðareglurnar umfram það að samþykkja þær og kynna fyrir starfsmönnum. Í raun og veru virðist ekki ljóst hvar ábyrgðin á því að nauðsynleg umræða um efni þeirra meðal kjörinna fulltrúa og starfsmanna fari fram og að þær séu endurskoðaðar og yfirfarnar.